

Erindisbréf skipulagsnefndar háskólasvæðis Samþykkt í háskólaráði

Forsendur

Fyrir liggur samningur frá 1. september 2014 á milli Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og rikissjóðs þar sem m.a. er ákvarðað um afmörkun og nýtingu lóða á háskólasvæðinu og að Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands hafi samráð um þá uppbyggingu.¹ Jafnframt liggur fyrir samningur frá 2. mars 2016 um að Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg skuli hafa samráð um uppbyggingu og nýtingu lóða á háskólasvæðinu². Þar kemur fram að unnið hafi verið að framtíðarskipulagi háskólasvæðisins og að fyrir liggji tillaga að rammaskipulagi þess³. Sú tillaga, sem er ósamþykkt, var unnin í framhaldi af hugmyndasamkeppni sem Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg stóðu sameiginlega að um framtíðarskipulag á háskólasvæðinu, sbr. viljayfirlýsingu frá 8. maí 2013⁴. Niðurstöður hugmyndasamkeppninnar lágu fyrir í maí 2014⁵.

Háskólasvæðið í heild, ásýnd þess og umgjörð, er viðkvæmt svæði í hjarta borgarinnar sem stjórnendum háskólans og Reykjavíkurborgar er trúað fyrir á hverjum tíma. Brýnt er að viðvarandi og fagleg yfirsýn sé um svæðið á vegum rektors og háskólaráðs, skipulag þess, ásýnd, uppbyggingu, nýtingu og viðhald.

Á framangreindum forsendum er lagt til að skipuð verði skipulagsnefnd háskólasvæðisins í heild.

Hlutverk skipulagsnefndar háskólasvæðis

Hlutverk skipulagsnefndar er að vera rektor og háskólaráði til ráðuneytis og hafa á hverjum tíma yfirsýn yfir skipulag háskólasvæðisins, ásýnd, uppbyggingu, nýtingu og viðhald. Nefndin fer yfir og fjallar um tillögur og hugmyndir sem fram kunna að koma og varða háskólasvæðið, heildarskipulag þess, deiliskipulag, nýbyggingar og viðhald, bílastæði, samgöngur og annað er tengst getur svæðinu og setur eftir atvikum fram sínar eigin tillögur til umfjöllunar í háskólaráði.

Nefndin fjallar jafnframt um áætlanir um fjárframlög til einstakra framkvæmda ár hvert og til lengri tíma og um önnur tengd verkefni sem rektor eða háskólaráð kunna að fela henni og undirbýr eftir atvikum tillögur þar um til umfjöllunar og ákvörðunar í háskólaráði.

Formaður skipulagsnefndar gerir rektor og háskólaráði reglulega grein fyrir starfi nefndarinnar, stöðu mála varðandi heildarskipulag svæðisins og einstaka reiti þess, hugmyndum og tillögum, að jafnaði einu sinni á hverju misseri.

Skipan nefndarinnar

Skipulagsnefnd háskólasvæðis er skipuð af háskólaráði samkvæmt tilnefningu rektors. Nefndina skipa fjórir fulltrúar, þ. á m. er einn fulltrúi stúdenta. Við skipun nefndarinnar skal gætt að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Skipunartími nefndarinnar er til þriggja ára í senn.

Með nefndinni starfa sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs og skrifstofustjóri, sem er ritari hennar. Framkvæmdastjóri Vísindagarða Háskóla Íslands situr jafnframt fundi nefndarinnar.

Fundir og þóknun

¹ Samningur milli Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar, fjármála- og efnahagsráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis um lóðir Háskóla Íslands, dagsettur 1. september 2014

² Samningur milli Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar, fjármála- og efnahagsráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis um lóðir Háskóla Íslands, dagsettur 1. september 2014

³ Samkomulag um uppbyggingu stúdentagarða og stækkun vísindagarðareits á háskólasvæðinu, undirritað 2. mars 2016

⁴ Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands um framtíðarskipulag á háskólasvæðinu, undirritað 8. maí 2013

⁵ Hugmyndasamkeppni um skipulag Háskólasvæðisins – dómnefndarálit, dags. 5. júní 2014

Nefndin skal funda reglulega, tvisvar til þrisvar á misseri eftir atvikum. Miðað er við að hver fundur nefndarinnar sé að jafnaði 2 klst. Nefndarmenn fá greitt fyrir fundasetu og fær formaður tvöfalda greiðslu skv. verklagsreglum þar um. Krefjist verkefni nefndarinnar meira vinnuframlags skal formaður hennar leggja fram áætlun þar um til rektors áður en vinnan er innt af hendi. [Greiðslur eru samkvæmt tímagjaldi í verklagsreglum sem samþykktar voru í háskólaráði 8. desember 2005.]

